

**267. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 15. maí 2023 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri, Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss.

**Fundargerð ritaði:** Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

- 1. 2206003 - Kosning í ráð og nefndir tímabilið 2022 - 2026**  
Breyting á skipan skipulags- og umhverfisráðs lögð fram.  
*Lagt fram.*
- 2. 2006228 - Jaðarsbakkar 1 - hönnun íþróttamiðstöðvar**  
Landmótun kynnir frumhönnun lóðar við Jaðarsbakka.  
*Kynning.*
- 3. 2211043 - Götulýsing - samningur um rekstur og viðhald**  
Tilboð í þjónustu við götulýsingu lögð fram.  
*Eftirfarandi aðilar skiluðu inn tilboðum:*  
*Rafall ehf, kr. 46.590.867*  
*Ljósvistar ehf, kr. 29.975.880*  
*Vogir og lagnir ehf, kr. 47.990.321*  
*Bergraf ehf, kr. 33.975.733*  
  
*Kostnaðaráætlun var kr. 35.775.100*  
  
*Skipulags- og umhverfisráð felur umhverfisstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.*
- 4. 2305049 - Gróður -Okkar Akranes - Opin svæði 2023**  
Fyrirhuguð gróðursetning í tengslum við Okkar Akranes kynnt.  
*Skipulags- og umhverfissvið þakkar Jóni Arnari Sverrissyni garðyrkjustjóra fyrir góða kynningu og samþykkir tillögur hans varðandi gróðursetningu í tengslum við Okkar Akranes.*
- 5. 2210065 - Kirkjubraut endurgerð**  
Farið yfir hönnunargögn frá Landmótun vegna endurgerð Kirkjubrautar.

*Skipulags- og umhverfissráð þakkar fyrir góða kynningu og felur skipulagsfulltrúa og umhverfisstjóra að vinna áfram að málinu.*

**6. 2302127 - Lækjarflói 16-18 - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn Merkjaklappar ehf. um breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis. Stótt er um að sameina lóðir Lækjarflóa 16 og 18 og að sameina byggingarreit. Nýtingarhlutfall fer úr 0,35 í 0,36.

Deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lóðarhöfum Lækjarflóa nr. 10A og 20, Nesflóa 2, grenndarkynnt var frá 12. apríl til 11. maí 2023. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja umrædda deiliskipulagsbreytingu, senda Skipulagsstofnun og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.*

**7. 2303183 - Þjóðvegur 13A - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn Björgvins Sævars Matthíassonar um breytingu á deiliskipulagi Miðvogslækjarsvæðis, Þjóðvegi 13-15. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit í suðaustur um fjóra metra. Annað er óbreytt.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lóðarhöfum Þjóðveg 13 og Akurprýði 7, grenndarkynnt var frá 12. apríl til 11. maí 2023. Eitt samþykki barst.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja umrædda deiliskipulagsbreytingu, senda Skipulagsstofnun og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.*

**8. 2302121 - Vesturgata 102 - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn lóðarhafa Vesturgötu 102 um að breyta deiliskipulagi Stofnanareits. Sótt er um að stækka byggingarreit bílskúrs bæði í norðvestur og norðaustur. Jafnframt færast byggingarreitur frá lóðamörkum suðaustur.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lóðarhöfum Vesturgötu 105, 109, 111 og Merkigerði 2,4, grenndarkynnt var frá 12. apríl til 11. maí 2023.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja umrædda deiliskipulagsbreytingu, senda Skipulagsstofnun og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.*

*Allur kostnaður sem felst í deiliskipulagsbreytingu er á höndum lóðarhafa.*

**9. 2211144 - Deiliskipulag Suðurgata 22**

Umsókn Þóru Emilíu Ármannsdóttur, f.h. eiganda Suðurgötu 22, um nýtt deiliskipulag Suðurgötu 22. Sótt er byggingu íbúðarhúss á tveimur hæðum ásamt rishæð. Hámarksfjöldi íbúða verði 4 íbúðir, nýtingarhlutfall lóðar verði 0,75. Heildarbyggingarmagn á lóð verði 420 m<sup>2</sup> og hámarkshæð húss verði 9,0 m. Gert er ráð fyrir fjórum bílastæðum innan lóðar eða eitt bílastæði á íbúð.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til að haldinn verður kynningarfundur og vinnslutillaga deiliskipulags Suðurgötu 22 verði kynnt fyrir íbúum.*

**10. 2301147 - Deiliskipulagsrammi Smiðjuvellir**

Í drög að deiliskipulagsramma Smiðjuvalla, í aðalskipulagi Akraness 2021-2033 voru Smiðjuvellir skilgreindir sem þróunarsvæði C með því markmiði að þar verði skoðaðir möguleikar á þéttri blandaðri byggð íbúða og atvinnustarfsemi. Í deiliskipulagsramma eru skilgreindir möguleikar á blandaðri notkun, íbúðabyggð og atvinnustarfsemi þannig unnt verði að vinna deiliskipulag einstakra reita.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til að haldinn verði almennur kynningarfundur og vinnslutillaga deiliskipulags Smiðjuvalla verði kynnt fyrir íbúum.*

**11. 2301057 - Aðalskipulag breyting - Þróunarsvæði Smiðjuvellir**

Í breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 eru Smiðjuvellir skilgreindir sem þróunarsvæði C með því markmiði að þar verði skoðaðir möguleikar á þéttri blandaðri byggð íbúða og atvinnustarfsemi. Breytingin nær til 2,4 hektara svæði sem afmarkað verður sem íbúðabyggð og athafnasvæði.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til að haldinn verði almennur kynningarfundur og vinnslutillaga aðalskipulags Smiðjuvalla verði kynnt fyrir íbúum.*

**12. 2210185 - Deiliskipulag Smiðjuvellir 12-22 - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn Smiðjuvalla ehf. unnin af ASK arkitektum um breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla 12-22. Breytingin felst í að sameina lóðir við Smiðjuvelli 12,14,16,18,20 og 22 í eina lóð Smiðjuvelli 12-22 og núverandi mannvirki rifin. Heimil verði íbúðauppbygging ásamt atvinnustarfsemi á lóð. Heimilt verði að byggja þriggja til sjö hæða byggingu með kjallara með allt að 23.350 fm með nýtingarhlutfall 1,65.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til að haldinn verði almennur kynningarfundur og vinnslutillaga breytingar á deiliskipulagi Smiðjuvalla 12-22 verði kynnt fyrir íbúum.*

*Ragnar B. Sæmundsson sat hjá við afgreiðslu á þessum fundarlið og vék af fundi eftir þennan fundarlið.*

**13. 2305045 - Aðalskipulag Akraness 2021-2033 breyting - Jaðarsbakkar**

Skipulagslýsing lögð fram fyrir breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 og endurskoðun deiliskipulags Jaðarsbakka. Breytingin er vegna fyrirhugaðrar uppbyggingu á miðstöð lýðheilsu á svæðinu, t.d. uppbyggingu hótels, baðlóns og íþróttaaðstöðu, auk þess sem möguleiki er á þéttingu byggðar. Lögð verður áhersla á íþróttir og náttúru á svæðinu með skýrri tengingu við sjóinn og Langasand Breytingin tekur til 17,5 hektara svæðis og landnotkunarreita HV-201, OP-202, íB-203, íP- 206 og AF-207.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstórn að skipulagslýsing verði auglýst og kynnt.*

*Sædís Alexía Sigurmundsdóttir kom inn á fundinn undir þessum fundarlið.*

**14. 2304154 - Deiliskipulag Jaðarsbakka**

Skipulagslýsing lögð fram fyrir breytingu á deiliskipulagi Jaðarsbakka. Breytingin er vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á miðstöð lýðheilsu á svæðinu, t.d.

uppbyggingar hótels, baðlóns og íþróttaaðstöðu, auk þess sem möguleiki er á þéttingu byggðar. Lögð verður áhersla á íþróttir og náttúru á svæðinu með skýrri tenginu við sjóinn og Langasand. Breytingin tekur til 17,5 hektara svæðis og landnotkunarreita HV-201, OP-202, íB-203, ÍÞ- 206 og AF-207.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstórn að skipulagslýsing verði auglýst og kynnt.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:45.**